

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði, og lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin hefur ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

23. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarflokksins en þó eigi á hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

24. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum veðdeildarflokksins, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins samkvæmt lögum nr. 73/1965, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfsemi. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti rétttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

25. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 73/1965 um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, tekur þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. nóvember 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

22/8 1964.

Nr. 209.

REGLUGERÐ

um Tækniskóla Íslands.

1. gr.**Hlutverk.**

Hlutverk Tækniskóla Íslands er að veita nemendum tæknilega almenna menntun, sem gerir þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Höfuðáherzla skal lögð á að kenna nemendum að beita fræðilegum lögmálum í raunhæfu starfi, þjálfun til sjálfstæðra tæknifræðilegra vinnubragða og hæfni til að meta tæknivandamál frá hagrænu sjónarmiði.

Skólanum er ætlað að veita þá menntun, sem krafizt er til að menn hafi rétt til að kalla sig tæknifræðinga.

2. gr.

Skólastjóri og kennarar.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn skólans. Hann skipar skólastjóra og kennara.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans. Enn fremur ræður hann, með samþykki ráðherra, starfsfólk skólans.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum, er þar um gilda.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum, er þar um gilda.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum tækniskóla eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni. Heimilt er ráðherra að skipa deildarstjóra (yfirkennara) við hverja sérgreinadeild skólans, að fengnum tillögum skólastjóra. Ráðherra setur skólastjóra og kennurum erindisbréf.

Skylt er fastráðnum kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, og sé hver kennslustund 45 mínútur. Að jafnaði skal vera 10 mínútna hlé milli kennslustunda. Fækka má kennslustundum í 22, er kennari, sem starfað hefur a. m. k. tíu ár við skólann, verður 55 ára, og í 17 stundir, er slíkir kennarar verða 60 ára. Menntamálaráðherra ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Kennarar skulu starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra nauðsynlegra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

3. gr.

Inntökuskilyrði A. Próf.

Skilyrði til inntöku í skólann eru, að umsækjandi hafi staðizt lokapróf undirbúningsdeildar undir tækninámi, *eða*

Að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi stærðfræðideildar menntaskóla, sem veitir aðgang að námi 2. missiris, sbr. 6. gr.

Skólinn getur sett skilyrði um lágmarkseinkunn í einstökum greinum eða greinaflokkum.

Próf eldri en þriggja ára eru ekki tekin gild, nema sannað sé, að kunnáttu hafi verið haldið við með frekari skólagöngu.

4. gr.

Inntökuskilyrði B. Starfsreynsla.

Skilyrði til inntöku er enn fremur, að umsækjandi hafi minnst 12 mánaða verklega þjálfun.

Við nám í einstökum sérgreinum tæknifræðinnar má setja skilyrði um allt að 12 mánaða viðbótarpjálfun við nánar tiltekin störf.

Verklegrar þjálfunar má afla með iðnnámi, *eða*

Með raunhæfu starfi í viðkomanri atvinnugrein.

Umsækjandi verður með virku starfi að hafa kynnt þeirri atvinnugrein, sem hann hyggst leggja stund á. Þjálfunin skal vera alhliða og veita haldgóða þekkingu á venjulegum vinnumáta og vinnubrögðum.

Sé verklegrar þjálfunar aflað í áföngum, má enginn áfangi vera styttri en tveir mánuðir.

Skólinn viðurkennir starfsreynslu umsækjanda og setur reglur, sem ráðuneyti staðfestir, um, hvaða vinnustaðir komi til greina.

5. gr.

Innritun.

Skólinn skal auglýsa minnst þriggja vikna umsóknarfrest með upplýsingum um gögn, sem fylgja skulu umsókn.

Umsóknir skal skrifa á til þess gerð eyðublöð.

6. gr.

Námstími.

Námið er þriggja ára, 6 missira fyrir þá, sem fullnægja skilyrðum 3. gr. 1. mgr., en 5 missira fyrir þá, sem lokið hafa stúdentsprófi, sbr. 3. gr. 2. mgr.

Kennsluár skólans skiptist í tvö missiri hvort um sig um 120 kennsludagar að prófdögum meðtöldum. Fyrri missiri hefst 1. september.

Námið skiptist í fyrri- og síðarihluta. Fyrrihluta lýkur með öðru missiri.

Kennslustund er 45 mínútur og fjöldi þeirra 42—46 á viku að æfingastundum meðtöldum.

Milli kennslumissira í sumarfríum má hafa verklegar æfingar utan skólans, sbr. 7. gr.

7. gr.

Sérgreinir og námsefni.

Tækninámið skiptist í sérgreinir. Fyrrihluti skal þó vera samnám að svo miklu leyti, sem við verður komið.

Í hverri sérgrein mega ekki vera fleiri en 24 nemendur í bekk án samþykkis ráðuneytis.

Kennt skal í samræmi við námsskrár, sem ráðuneyti samþykkir. Kennar eru almennar greinir og tæknilegar greinir ásamt verklegum æfingum.

Í námsskrám skal gera ýtarlega grein fyrir námsefni einstakra kennslugreina og hverrar sérgreinar í heild.

Í námsskrám skal tekið fram, í hvaða greinum verði æfingar í teikni- og rannsóknarstofum, svo og um fræðsluferðir og æfingar utan skólans, svo sem í landmælingum, vinnurannsóknum o. fl. Þá skal gerð grein fyrir efni æfinganna.

8. gr.

Einkunnir.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10. Greini prófdómara og kennara á, hlýtur nemandi þá einkunn í heilli tölu, sem næst liggur meðaltali einkunna kennara og prófdómara.

Aðaleinkunn er vegið meðaltal prófeinkunna og skal reikna hana með einum tugstaf. Aðaleinkunn 5.0—5.9 er III. einkunn, 6.0—7.2, II. einkunn, 7.3—8.9, I. einkunn og 9.0—10 ágætiseinkunn.

9. gr.

Prófreglur sérgreina.

Í samræmi við eftirfarandi ákvæði um próf setur hver sérgreinadeild prófreglur, sem ráðuneyti samþykkir.

Í prófreglum sérgreinadeilda skal m. a. getið prófgreina og gerð nánari grein fyrir próffyrirkomulagi, einkunnum og vogtölum þeirra.

10. gr.

Dáttökuskilyrði.

Skráður nemandi, sem stundað hefur námið samkvæmt gildandi námsskrá og lokið hefur tilskildum fyrri prófum, hefur rétt til að ganga undir próf.

Nemendur, sem stundað hafa nám við aðra tækni- eða tækniháskóla, geta sótt um leyfi til að ganga undir próf og veitir stjórn skólans það í hverju einstöku tilviki. Þá metur stjórn skólans að fenginni umsögn viðkomandi sérgreinadeildar, hvort og að hve miklu leyti fyrri próf og æfingaverkefni slíkra nemenda skuli tekin gild.

Stjórn skólans getur neitað nemanda að ganga undir próf, hafi hann ekki sýnt fullnægjandi ástundun eða kunnáttu að dómi kennara.

11. gr.

Próffyrirkomulag.

Próf í hverri sérgrein skiptist í tvo hluta, fyrri- og síðarihluta, sbr. 6. gr.

Hver prófhluti skiptist í missirispróf, sem haldin eru í lok kennslumissira, en skólinn getur leyft próf á öðrum tímum vegna forfalla eða annarra sérstakra ástæðna.

Prófhlutum má skipta í tvo eða fleiri prófflokka og skal gerð grein fyrir því í prófreglum sérgreinadeilda, sbr. 9. gr.

Á missirisprófum skal að jafnaði prófað í þeim greinum eða greinarhlutum, sem lokið var kennslu í á undanfarandi missiri.

Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg, og skal þess getið í prófreglum sérgreinadeilda, sbr. 9. gr.

12. gr.

Prófkröfur.

Til að standast missirispróf þarf nemandinn að hafa hlotið minnst 5.0 í aðal-einkunn. Setja má skilyrði um lágmarkseinkunn 3.0 í einstökum greinum.

Til að standast fyrri- og síðarihluta próf, þarf nemandinn að hafa hlotið minnst 6.0 í aðaleinkunn. Setja má skilyrði um lágmarkseinkunn 6.0 í einstökum prófflokkum.

13. gr.

Endurtekning prófa.

Nemandi, sem ekki stent missirispróf, hefur rétt til að endurtaka það tvisvar á næstu reglulegu próftímum. Standist hann ekki prófið enn, hefur hann fyrirgert rétti sínum til frekari skólavistar í skólanum. Endurtaka skal allt missirisprófið að undanteknum verklegum prófum, sem nemandinn hefur hlotið lágmarkseinkunn í.

Nemandi, sem staðizt hefur missirispróf, en ekki hlutapróf, hefur rétt til að endurtaka einu sinni próf í einstökum greinum eða greinahlutum. Eigi má líða skemmri tími en sex vikur til endurtekningu prófs.

Við endurtekið próf er prófað í gildandi námsefni viðkomandi námsgreinar á þeim tíma, sem próf er haldið, nema annað sé samþykkt af stjórn skólans.

Verði breytingar á prófreglum sérgreinadeildar milli prófa, ákveður stjórn skólans, hvort prófað skuli samkvæmt eldri eða nýrri reglum.

14. gr.

Prófstjórn, prófdómarar og prófverkefni.

Prófnefnd skipuð skólustjóra og tveim föstum kennurum skólans, sem skólastjóri tilnefnir, stýrir prófi og setur reglur um framkvæmd þess.

Stjórn skólans hefur úrskurðarvald í kærumálum vegna prófa og getur vikið nemanda frá prófi fyrir brot á prófreglum.

Ráðuneyti skipar prófdómara í hverri prófgrein og ákveður laun þeirra. Skólastjórn gerir tillögu um skipun prófdómara.

Einkunnir skal færa í prófbók, sem undirrituð er af prófdómara og kennara, en skriflegar úrlausnir skulu geymdar minnst eitt ár frá því að prófi lauk.

Ráðuneyti tiltekur prófverkefni í samráði við skólastjóra.

Allar úrlausnir prófa, þar með taldar teikningar og önnur gögn, sem fylgja kunna, verða eign skólans. Honum er frjálst að nota þau við kennslu og sýningar, en má ekki ráðstafa þeim í hagnaðarskyni, nema með samkomulagi við alla þá, sem hlut eiga að máli.

15. gr.

Flutningur milli missira og hámarksnámstími.

Skráður nemandi, sem staðizt hefur missispróf, sbr. 12. gr., á rétt á að flytjast milli missira, þó ekki milli annars og þriðja missis, nema hann hafi staðizt fyrrihluta próf.

Nemandi, sem ekki hefur staðizt fyrrihluta próf innan þriggja ára eða síðarihluta próf innan fimm ára frá innritun, hefur fyrirgert rétti sínum til frekari prófbátttöku, nema sannað sé, að veikindi eða aðrar óviðráðanlegar orsakir hafi hindrað nám hans.

16. gr.

Prófskírteini.

Að loknu síðarihluta prófi fær nemandinn prófskírteini, sem staðfestir, að með fengnu leyfi ráðuneytis, megi hann kalla sig tæknifræðing í viðkomandi sérgrein, sbr. l. nr. 44/1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Á prófskírteini skal skrá aðaleinkunn samkvæmt prófreglum sérgreinadeildar, sbr. 9. gr., og allar prófreinkunnir.

17. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 25/1963, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. ágúst 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um undirbúningsdeild undir tækninám.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk deildarinnar er að búa nemendur undir inntökupróf í íslenska og erlenda tækniskóla.